

# ***1. Almennar upplýsingar***

## *Heiti*

Hlutabréfavísitölur

## *Umsjón hagtalna*

Seðlabanki Íslands, Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla

## *Tilgangur*

Samkvæmt [birtingarstaðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins \(IMF\)](#), sem Ísland er aðili að, skal einhver opinber aðili annast endurbirtingu á helstu hlutabréfavísitölum. Seðlabanki Íslands hefur tekið það að sér og birtir úrvalsvísitölu og heildarvísitölu aðallista.

## *Heimildir*

NASDAQ OMX Iceland hf.

## *Lagagrundvöllur*

Á ekki við.

## **2. Aðferðafræði**

### *Hugtök og skilgreiningar*

**Úrvalsvísitala (OMX Iceland 10 PI ISK)** Kauphallarinnar samanstendur af hlutabréfum 10 félaga sem tekin eru til viðskipta í Kauphöllinni. Valið er í vísitöluna tvisvar á ári, í janúar og júlí. Við val félaga í vísitöluna er fyrst og fremst litið til veltu viðskipta sem fara fram með þörun tilboða í viðskiptakerfi Kauphallarinnar á 6 mánaða tímabili og markaðsvirðis í lok tímabilsins.

**Vísitölu Aðallista (OMX Iceland All-Share PI)** mynda öll félög sem eru með bréf í viðskiptum á Aðallista Kauphallarinnar.

**Aðallisti** – hlutabréf sem eru í viðskiptum í kauphöll. Þegar hlutabréf eru tekin til viðskipta á Aðallista eru sett skilyrði um lágmarksstærð hlutabréfaflokksins, lágmarksdreifingu hlutafjár og atkvæðisréttar, svo og að fyrirbyggjandi skulu vera endurskoðaðir ársreikningar fyrir 3 heil ár.

## **3. Áreiðanleiki gagna**

Kauphöllin reiknar hlutabréfavísitölur á 30 sekúndna fresti yfir viðskiptadaginn og miðlar þeim gegnum viðskiptakerfi Kauphallarinnar. Opinbert lokagildi vísitalnanna er reiknað af Kauphöllinni eftir lokun markaða, þegar frestur til að fella niður viðskipti er liðinn.

## **4. Endurskoðun gagna**

Á ekki við.

## **5. Birting**

Gögn yfir hlutabréfavísitölur eru birt á rauntíma á [heimasíðu NASDAQ OMX Iceland](#) og eru gögnin stöðugt uppfærð yfir daginn.